



Bikarmótaröð er röð ÍSS móta þar sem félög safna stigum og krýndur er Bikarmeistari á síðasta mótinu í lok mótaráðarinnar.

Félag verður bikarmeistari mótaráðar og tekur lið þess á móti bikarnum í lok móts.

Þau mót sem falla undir Bikarmótaröð eru tilkynnt af ÍSS í upphafi keppnistímabils. Bikarmeistari verður krýndur á síðasta móti mótaráðarinnar.

Stigagjöf og birting úrslita

Stig eru gefin í hverjum þeim keppnisflokkum er hefur keppendur á viðkomandi móti frá öllum aðildarfélögum. Stig eru gefin til þess skautara er efst kemur frá hverju félagi fyrir sig. Einum frá hverju félagi. Félagið safnar stigum í bikarmótaröðinni yfir árið í þeim flokkum sem öll félög taka þátt í.

Séu ekki keppendur frá öllum félögum í neinum keppnisflokkum á einstöku móti innan Bikarmótaráðar skulu stig reiknuð í þeim keppnisflokkum þar sem einungis vantar eitt félag.

Stig sem gefin eru: 15 stig, 13 stig, 11 stig. Séu þátttökufélög fleiri en þrjú skulu gefin stig með tveggja stiga millibili (9 stig, 7 stig, o.s.frv.).

Birting og utanumhald úrslita skal vera á forsvari skrifstofu ÍSS og vera opinber á heimasíðu ÍSS.

Fyrirkomulag verðlaunaafhendingar má finna í Mótahandbók.

Bikar

Bikarmótaröð fylgir farandbikar, veggplatti og eignarbikar.

Farandbikarinn fær það félag sem sigrar bikarmótaröðina hverju sinni til varðveislu. Á bikarnum skal standa „Bikarmeistari ÍSS“. Bikarinn skal varðveittur á áberandi en öruggum stað í félagi bikarmeistara í eitt ár. Koma skal bikarnum til ÍSS a.m.k. mánuði fyrir lokamót bikarmótaráðarinnar. Félag bikarmeistara ber fulla ábyrgð á bikarnum á meðan hann er í þeirra vörslu og bætir skemmdir á honum verði þær einhverjar.

Veggplatti er varðveittur á skrifstofu ÍSS. Á honum skal standa Bikarmeistarar ÍSS. Árlega skal láta grafa nafn félags og ártal er það verður bikarmeistari á lítinn skjöld sem festur er á veggplattann eftir lok bikarmótaráðar.

Bikarmeistari hvers árs fær minni bikar til eignar. Skal grafið á hann „Bikarmeistari ÍSS“ og ártal.